

EFTIRLITSSKÝRSLA

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS, KALKA

Dagsetning	16.6.2011	Fulltrúi UST	Páll V.K.Jónsson, Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Sorpeyðingarstöð Suðurnesja	Starfsleyfi, gildir til	1.2.2016
Heimilisfang	Berghólabraut 7, 230 Keflavík	Tegund eftirlits	Reglubundið, fyrra
Kennitala	531278-0469	Fulltrúar fyrirtækis	Gísli R. Eiríksson
Isat nr.	38.21.0; 38.22.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	64° 1,629'N, 22° 34,313'W
Starfsemi m.a. brennsla sorps	Meðhöndlun úrgangs		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerð er ein athugasemd og eitt frávik staðfest. Frávikin varða að ekki er til staðar viðhlýtandi búnaður vegna spilliefnaleka og spilliefni eru enn á syðra plani stöðvarinnar. Athugasemd er gerð við flokkun á gámasvæði sem var ábótavant. Þá er minnt á úrbótakröfur er varða botnösku, mengunarvarnir og mælingar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis er varða meðhöndlun úrgangs, m.a. spilliefna, einnig m.t.t. samsvarandi ákv.í reglugerðum. Haldinn var fundur með Gísla R. Eiríkssyni og sorpbrennsla og önnur umráðasvæði stöðvarinnar skoðuð.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Sem fyrr voru spilliefni á plani sunnan stöðvarhúss.

Fráviki frá: Samkvæmt ákv. 2.7 í starfsleyfi skal öll meðhöndlun spilliefna vera innandyra og í rými án fráveitu, þar sem þess er kostur.

Frávik 2:

Ekki reyndust til staðar efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að leka út eða misfarast

Fráviki frá: Samkvæmt ákv. 2.10 í starfsleyfi skulu slík efni til hreinsunar spilliefna vera til reiðu.

Athugasemd 1:

Á móttökusvæði stöðvarinnar fyrir almenning var eitthvað um rangt flokkaðan úrgang. Umhverfisstofnun hvetur rekstraraðila til að fylgjast reglulega með réttri flokkun. Það hefur sýnt sig að aðhald með réttri flokkun er nauðsynlegt.

Önnur atriði:

Meðhöndlun botn- og flugösku hefur verið til umfjöllunar hjá Umhverfisstofnun. Farið var fram á áætlun um tíðni sýnataka og mælingar á botnösku fyrir 15.6 sl., en hún hefur ekki borist. Þá hefur Umhverfisstofnun einnig farið fram á áætlun um úrbætur á hreinsivirki fyrir útblástur o.fl.fyrir 7. sept.nk. Þá skal minnt á að Umhverfisstofnun fór fram á mælingar á díoxínnum og fúrönum í bréfi dags.10.6. sl., þar sem styrkur þessara efna reyndist yfir losunarmörkum í síðustu mælingu. Jafnframt skal minnt á skyldu rekstraraðila að mæla þessi mengunarefni tvisvar á ári.

Reykjavík, 30.8.2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.